



Stuðningur við kennara fyrir EININGU 2: VIÐBÚNAÐUR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ HAMFÖRUM Á ALMANNAFÆRI OG Á STÓRUM SAMKOMUSTÖÐUM

ÞJÁLFUNARLOTA 7: Að takast á við áhættu á almannafæri og á stórum samkomustöðum

Höfundur: NGO NFE4Y/ VETREADY Project Partnership

Verkefnisnúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by
the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspeгла ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins.



Yfirlit yfir leiðsögn fyrir kennara

Þessi glærupakki fyrir kennara er ætlaður sem stuðningur við þjálfunarlotuna **Að takast á við áhættu á almannafæri og á stórum samkomustöðum** og veitir hann markvissar leiðbeiningar til að styðja við árangursríka framkvæmd þjálfunarlotunnar.

Markmiðið er að styðja kennara við að:

- Skilja **helstu markmið** þessarar þjálfunarlotu innan einingarinnar
- Beita **viðeigandi kennsluaðferðum og verkfærum** til að virkja nemendur í starfs- og verknámi, endurmenntun og innflytjendasamfélögum
- Stýra **verkefnum** af öryggi, hvetja nemendur til íhugunar og styðja við að þekkingin festist í sessi
- Aðlaga framkvæmd lotunnar að **ólíkum kennsluformum** (staðnám, fjarnám, blandað nám) og ólíkum þörfum nemenda

Athugið: Að ljúka þessari þjálfunarlotu og tilheyrandi fjölvalsprófi stuðlar að faglegri þróun kennara og getur leitt til viðurkenningu.

Námsefni þjálfunarlotunnar

- Tilgangur þjálfunarlotunnar
- Markmið þjálfunarlotunnar
- Inngangur: Hvernig á að takast á við áhættu á almannafæri og á stórum samkomustöðum
- Lykilhugtök
- Að skilja mikilvægi lotunnar
- Af hverju þessi þjálfunarlota skiptir máli
- Náttúruhamfarir
- Hitabylgja
- Flóð
- Jarðskjálfti
- Tæknilegar og iðnaðarhamfarir
- Efnaleki
- Slys við flutning á hættulegum efnum
- Eldur á opinberum vettvangi
- Líffræðilegar og heilsutengdar hamfarir
- Slæm andleg heilsa í neyðartilvikum
- Heimsfaraldur og smitsjúkdómar
- Hvetjandi aðgerðir sem eru til fyrirmyndar
- Frekari fróðleikur

Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

- **Kennsluaðferð 1: Hlutverkaleikur og að setja sig í spor annarra**
- Hlutverkaleikur byggir upp samkennd, samskiptahæfni og leiðtogafærni. Hann hjálpar nemendum að skilja hvernig ólík hlutverk fólks (t.d. öryggisgæslu, viðbragðsaðila, borgara) þurfa að samhæfa sig í krísu.
- **Dæmi um framkvæmd:** Eftir að hafa fjallað um tæknilegar- og iðnaðarhamfarir er hverjum nemanda úthlutað ákveðnu hlutverki (t.d. starfsmaður í verslunarmiðstöð, gestur, viðbragðsaðili). Að því loknu leika nemendur í hlutverkaleik fyrstu fimm mínútur af rýmingu eftir efnaleka. Ljúktu leiknum með því að ítreka skýr samskipti og að deila ábyrgð í neyð fyrir nemendum.

Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

- **Kennsluaðferð 2: Leidd hópumræða**
- Hvetur nemendur til að ígrunda, deila persónulegri innsýn og greina raunveruleg dæmi með gagnrýnum hætti, sem eflir samkennd og vandamálalausn.
- **Dæmi um framkvæmd:** Eftir að hafa sýnt glærana „Lærdómur frá Úkraínu: Viðbúnaður bjargar lífum“ býður þú nemendum að ræða:

Hvaða hegðun gerði þetta samfélag farsælt í krísu?

Hvernig mætti beita sambærilegum aðferðum í stórum almenningssrýmum á þeirra svæði?

Kennarar stýra umræðunni til að tryggja að raddir allra nemenda fái að heyrast.

Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

- **Kennsluaðferð 3: Hermun**
- Hermun og líking eftir aðstæðum gerir nemendum kleift að upplifa raunverulega ákvarðanatöku í öruggu og stýrðu umhverfi. Aðferðin þróar aðstæðuskyn, teymisvinnu og tilfinningastjórn í neyð.
- **Dæmi um framkvæmd:**

Þegar atburðarásin „*Reykur á leikvanginum*“ er kynnt, skiptir þú nemendum í fámenna hópa. Hver hópur táknar annaðhvort starfsfólk staðarins, öryggisgæsluna eða áhorfendur og hermir hópurinn eftir viðbrögðum sínum á meðan á fyrstu 3 mínútum atburðarins stendur.

Rýnið svo saman í þær aðgerðir sem drógu úr skelfingu og þær sem juku áhættu.

Ráð til að virkja nemendur

- **Byrjaðu á tengingu:** Byrjaðu tímann á því að spyrja nemendur um eigin reynslu af öryggi, neyðartilvikum eða áhættuvitund. Þetta byggir upp traust og virkjar fyrri þekkingu.
- **Notaðu raunhæf og hversdagsleg dæmi:** Veldu atburðarásir og staði (t.d. verslunarmiðstöðvar, leikvanga, flugvelli) sem endurspeglar hversdagslegt umhverfi til að auka mikilvægi og hvata nemenda.
- **Mikilvægt er að hvetja til þátttöku, ekki fullkomnunar:** Leggðu áherslu á að hvert framlag — hvort sem það er greining eða tilfinningaleg reynsla — sé verðmætt. Nemendur eiga að skilja að þeir megi gera mistök.
- **Jafnvægi milli tilfinninga og valdeflingar:** Kynntu krefjandi efni af nærgætni. Forðastu óttadrifnar frásagnir; einbeittu þér í staðinn að sjálfstrausti, vandamálalausn og jákvæðum niðurstöðum („hvað á að gera“ fremur en „hvað fór úrskeiðis“).
- **Beittu gagnvirkum aðferðum:** Notaðu hermanir, hópumræður og verkefni sem þjálfa nemendur í að taka ákvarðanir til að gera námið lifandi og eftirminnilegt. Myndræn framsetning, stutt myndbönd og ígrundunarspurningar hjálpa til við að viðhalda áhuga nemenda.
- **Skapaðu öruggt námsrými:** Settu skýrar reglur um virðingu og stuðning. Leyfðu nemendum að taka stutt hlé ef raunveruleg dæmi eða myndir hafa andleg áhrif.
- **Leggðu áherslu á samfélag og samvinnu:** Undirstrikaðu að viðbúnaður við hamförum er ekki einstaklingsverkefni — heldur sameiginleg ábyrgð. Hvettu til teymisvinnu, samkenndar og skilnings allra hópa.

Aðlögunarleiðir

Staðnám: Notaðu útprentuð kort sem sýna mögulegar atburðarásir, flettitöflur og sjónrænt efni (myndir framleiddar af gervigreind eða glærur). Skipuleggðu litlar stöðvar — þar sem hver stöð einkennist af ólíkum tegundum hamfara (flóð, eldur, heilsutengdar hamfarir). Taktu umræður eftir hverja æfingu til að styrkja ígrundun og til að festa þekkingu í sessi.

Efni/búnaður: Útprentaðar glærur, tússpennar, kort með atburðarásum, skjávarpi, tákn fyrir skyndihjálp og Post-it miðar fyrir ígrundun.

Fjarnám: Notaðu Zoom, Teams eða Google Meet fyrir samskipti. Skiptu nemendum í hópa (e. breakout rooms) fyrir greiningu á atburðarásum og hlutverkaleiki. Deildu myndefni sem búið er til með gervigreind með nemendum og notaðu Mentimeter eða Kahoot fyrir endurgjöf.

Efni/búnaður: Zoom eða MS Teams, Google Slides, Mentimeter, Padlet, Kahoot, netpróf.

Blandað nám: Sameinaðu námsefni (myndbönd, lestur, sjálfsmat) og æfingar sem hægt er að gera í hóp. Hladdu upp myndum af atburðarásum og tilfellum í námsumsjónarkerfi (LMS) eða Google Classroom. Notaðu umræðuborð í blönduðu umhverfi til að deila staðbundnum hamfaradæmum eða lærdómi.

Efni/búnaður: Námsumsjónarkerfi (Moodle, Google Classroom), Google Docs fyrir hópverkefni, stutt myndbönd og dagbækur nemenda.

Helstu ESCO-færniþættir sem fjallað er um í þessari þjálfunarlotu

Markviss ESCO-færniflokkun: T2.3 – Að takast á við vandamál. Kjarnahæfni sem þróast: Greina vandamál og framkvæma áhættugreiningu, þróa aðferðir fyrir neyðarviðbrögð, leysa vandamál við ófyrirsjáanlegar aðstæður.

- **Greina vandamál og framkvæma áhættugreiningu.** Æft þegar nemendur þekkja snemma vísbendingar um hamfarir — t.d. smá titring fyrir jarðskjálfta, reyklykt eða flöktandi ljós fyrir bruna, eða viðvörunarhljóð í stórum almenningssýmum.

Áhersla kennara: Hvetjið nemendur til að fylgjast með, túlka og forgangsraða sýnilegum og skynrænum viðvörunarmerkjum.

Spyrðu: „Hvaða merki krefjast tafarlausra viðbragða?“, „Hvað gætu þessi fyrstu merki þýtt í ólíku umhverfi?“

- **Þróa aðferðir fyrir neyðarviðbrögð.** Æft með mögulegum *staldraðu við og veltu fyrir þér* atburðarásam— t.d. troðningi, skyndilegu rafmagnsleysi eða neyðartilfelli í tónleikasal. Nemendur leggja til aðgerðir, rýmingaráætlanir eða samskiptaáætlanir.

Áhersla kennara: Leiðið umræðu um ólíkar leiðir og biðjið nemendur um að rökstyðja ákvarðanir sínar með rök hugsun og öryggisreglum. Þetta þróar skipulag, forgangs röðun og samvinnubundna ákvarðanatöku undir álagi.

- **Leysa vandamál við ófyrirsjáanlegar aðstæður.** Æft þegar óveður, bilanir í innviðum eða skyndilegar heilbrigðishamfarir eiga sér stað og þegar venjuleg kerfi bregðast og einstaklingar þurfa að bregðast sjálfstætt við.
- Áhersla kennara: Hvetjið nemendur til að greina muninn á tilfinningadrifinni og rökstuddri ákvarðanatöku.
- Spyrdú: „Hvað hjálpaði þér að hugsa skýrt undir álagi?“, „Hvað gætir þú gert til að styðja aðra þegar einstaklingar fyllast skelfingu?“

Leiðbeiningar vegna námsmats – Hvernig á að fylgjast með framförum nemenda

Undir lok þessarar þjálfunarlotu ljúka nemendur 10 spurninga fjölvalsprófi sem metur skilning þeirra á lykilhugtökum sem farið var yfir í lotunni.

Aðrar matsaðferðir:

- Ígrundun eftir atburðarás: Eftir „Staldráðu við og veltu fyrir þér“ glærum - (t.d. „Reykur á leikvanginum“ eða „Undarleg lykt í verslunarmiðstöðinni“) deilir hver nemandi einni lykilákvörðun sem hann/hún tók og röksemdunum að baki. Kennari leiðir stutta hópumræðu þar sem viðbrögð eru borin saman við bestu starfsvenjur.
- **Lokakort – lykilinnsýn:** Í lok tímans skrifa nemendur (eða taka upp, í fjarnámi) eitt stutt svar við: „Hvað er það mikilvægasta sem ég lærði í dag um hamfaraáhættu í almenningsrýmum?“ , „Hvaða aðgerð mun ég framkvæma öðruvísi næst þegar ég er í fjölmennu rými?“

Viðbótarefni til stuðnings

1. UNDRR – How to Make Cities Resilient: A Handbook for Local Government Leaders

<https://www.undrr.org/publication/how-make-cities-more-resilient-handbook-local-government-leaders-2017>

Þessi handbók veitir skýra, myndræna yfirsýn yfir hamfaraáætlu í þéttbýli, rýmingaráætlanir og aðferðir til að auka vitund almennings — sem hentar vel þegar kennarar tengja öryggi á viðburðastöðum við víðari viðnámsþrótt samfélagsins.

2. European Commission DG ECHO – Disaster Risk Management Knowledge Centre (DRMKC) Explainers

<https://drmkc.jrc.ec.europa.eu/>

Býður upp á hnitmiðað yfirlit og upplýsingamyndir um þróun hamfaraáætlu í ESB, almannavarnakerfi og krísusamskipti — frábært sem viðmiðunarefni fyrir kennara sem hanna atburðarásamiðaðar æfingar.

3. IFRC – Public Awareness and Public Education for Disaster Risk Reduction (PAPE) Key Messages

<https://www.ifrc.org/public-awareness-and-public-education-drr>

Alþjóðlega viðurkennt leiðarrit með tilbúnum fræðsluskilaboðum og myndefni til að kenna hamfaraviðbúnað á einföldu og aðgengilegu máli — hægt að aðlaga bæði að ungmennum og fullorðnum.

Heimildir

- European Centre for the Development of Vocational Training (Cedefop). (2023). *Adult learning and continuing vocational education in Europe: Building inclusive learning cultures*. <https://www.cedefop.europa.eu/en/publications>
- European Commission. (2021). *European skills agenda for sustainable competitiveness, social fairness and resilience*. <https://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=1223>
- European Training Foundation (ETF). (2022). *Innovating teaching and learning in vocational education and training: Practical approaches for inclusive pedagogy*. <https://www.etf.europa.eu/en/publications>
- Kolb, D. A. (2015). *Experiential learning: Experience as the source of learning and development* (2nd ed.). Pearson Education.
- Knowles, M. S., Holton, E. F., III, & Swanson, R. A. (2015). *The adult learner: The definitive classic in adult education and human resource development* (8th ed.). Routledge.
- Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD). (2021). *Teaching for the future: Effective learning environments in vocational education and training*. <https://www.oecd.org/education>
- United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization (UNESCO). (2020). *Education for sustainable development: A roadmap*. <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000374802>

SAMSTARFSAÐILAR



<https://ied.eu/>



<https://denizli.afad.gov.tr/>



<https://neotalentway.com/>



<https://www.eva93.lv/>



<https://ngo-nfe4y.com.ua/en>



<https://vonhope.is/>

**Gangi ykkur vel með VET-READY
EINING 2: VIÐBÚNAÐUR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ
HAMFÖRUM Á ALMANNAFÆRI OG Á STÓRUM
SAMKOMUSTÖÐUM**

**ÞJÁLFUNARLOTA 7: Að takast á við áhættu á
almannafæri og á stórum samkomustöðum**

FYLGDU OKKUR



<https://vetready.eu/>